

**Nd.**

**369. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá minni hlutanum.

Jeg hef orðið saupsáttur við meiri hlutann um tillögur í þessu máli. — Frumvarpið fór í upphafi fram á að hækka sektir fyrir botnvörpungabrot. Var sú tillaga komin frá Fiskifjelaginu og þingmálafundum í Kjósar- og Gullbringusýslum, (sbr. nefndarálit Ed. á þgskj. 135). Heggur því sá er hlifa skyldi, er skrifari nefndarinnar legst á móti frv. Hefði mönnum síður komið á óvart, þótt hann hefði lagst allfast á min megin málinu til stuðnings. Mun þetta koma af því, að hann og fylgismenn hans í nefndinni mikla helsti mikið fyrir sjer óánægju annara þjóða yfir því, að hækkaðar yrði sektirnar. En sá uggur þeirra er ástæðulaus, því að sektirnar hafa aldrei verið þeim þyrnir í augum, heldur hitt, að afli og veiðarfæri er upptækt. Því sjar fer að óttast þurfi óhug annara ríkja, sem frumvarpið fer fram á að afli verði misrjetti því milli erlendra og íslenskra botnvörpunga, sem átt hefir sjer stað síðan 1909. Mundi sú bilgirni gera miklu meir en að vega móti hækkun á lágmarki sektanna. Er því engi þörf að óttast óvild annara þjóða, þótt lögin verði samþykkt. En meiri hluti mun líta svo á brottfelling undanþágunnar, að eigi beri að svifta Íslendinga þeim rjetti, sem þeir hafa áður haft, enda mundi til engrar hugnunar erlendum mönnum. Hið fyrra atriði mundi jeg skilja, ef eigi þyrfti hjer að líta til annara en útlendinga. En hjer er svo mál með vexti, að innlendir menn kvarta jafnt undan íslenskum botnvörpungum sem öðrum. Undanþágan var og í upphafi veitt fyrir þá sök að menn trúðu því, að botnvörpungar vorir mundu gera það að metnaðarmáli, að brjóta eigi landslög. En síðan hefir komið í ljós að svo er eigi, og er þá óþarft að ein lögin geri þeim auðveldara að brjóta önnur lög.

Meiri hlutinn leggur til að lögin sjeu látin biða næsta þings, af því að hækkaðar sektir muni eigi auka tekjur landvarnarsjóðs, meðan ófriðurinn stendur. Dregur hann það þar af, að fiskiskip verði færri. En af fáum skipum gelst þó meira sektarfe, ef sektin er há, en ef hún er lág. Það kostar og eigi sje, þótt lögin biði tilbúin þar til er þau kæmi að því haldi, sem meiri hlutinn nefnir. En hitt kostar mikið að láta nú vinnu og tíma verða að engu, sem varið hefir verið til laganna á þessu þingi, og endurtaka síðan á næsta þingi fyrirhöfn og tilkostnað.

Þetta frumvarp efri deildar tekur og öll ákvæði laga vorra um botnvörpuveiðar saman í eitt, og er það nauðsynjaverk.

Enn má nefna að á tveim stöðum eru lögin orðuð skýrar en áður var, sjá niðurlag 1. og 3. greinar.

Allar þessar breytingar eru til bóta, og engar aðrar breytingar gerðar á lögum þeim, sem nú ganga, og ræð eg deildinni til að samþykkja frumvarpið.

Alþingi 5. ágúst 1914.

Bjarni Jónsson frá Vogu.  
formaður nefndarinnar.